

Sp.

171. Fyrirspurnir.

[139. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra um reynsluna af dragnótaveiði í Faxaflóa o. fl.

Frá Jóni Skaftasyni.

1. Hver er reynslan af áhrifum dragnótaveiða í Faxaflóa, sem leyfðar eru undir visindalegu eftirliti, sbr. lög nr. 40 9. júní 1960?
2. Á ekki að setja reglur um rækjuveiðar við Eldey, er tryggi forgang báta af Faxaflóa- og Reykjanessvæðinu til þeirra, líkt og gildir um rækjuveiðar í Ísafjarðardjúpi og víðar?
3. Er fyrirhuguð leit að nýjum rækjumíðum í Faxaflóa og út af Reykjanesi?

II. Til landbúnaðarráðherra um fiskræktarmál.

Frá Birni Jónssyni.

Hvað líður framkvæmdum á eftirtöldum þingsályktunum:

- a) þingsályktun frá 17. apríl 1968 um fiskeldisstöðvar,
- b) þingsályktun frá 2. apríl 1968 um, að bændaskólarnir veiti fræðslu í fiski-rækt og fiskeldi,
- c) þingsályktun frá 29. apríl 1966 um stofnun klak- og eldisstöðvar fyrir laxfiska?

III. Til landbúnaðarráðherra um Fiskræktarsjóð.

Frá Þórarni Þórarinssyni og Sigurvin Einarssyni.

Hve miklar verða tekjur Fiskræktarsjóðs á árinu 1971?

Hve mikil lán þykir líklegt, að hægt verði að veita úr sjóðnum á árinu?

IV. Til sjávarútvegsráðherra um vöruvöndun á sviði fiskveiða og fiskverkunar.

Frá Þórarni Þórarinssyni og Sigurvin Einarssyni.

Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til aukinnar vöruvöndunar á sviði fiskveiða og fiskverkunar, og hvenær má vænta þess, að þær komi til framkvæmda?

V. Til sjávarútvegsráðherra um varúðarráðstafanir vegna ísingarhættu.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Hefur ríkisstjórnin nokkrar varúðarráðstafanir gert vegna sérstakrar sjó-slysa-hættu fyrir Vestfjörðum, sökum ísingarhættu og snöggra veðrabrigða að vetri til?
2. Ef svo er, í hverju eru þær ráðstafanir þá fólgnar?

VI. Til menntamálaráðherra um heimavistarkostnað héraðsskólanna.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Hver er heimavistarkostnaður héraðsskólanna hvers um sig tvö síðustu skólaár?

VII. Til landbúnaðarráðherra um afurðalán landbúnaðarins.

Frá Stefáni Valgeirssyni og Ágúst Þorvaldssyni.

Hvenær verða afurðalán í Seðlabankanum vegna landbúnaðarins hækkuð til samræmis við þær hækkanir, sem orðið hafa á búvöruverði síðan 1969?

VIII. Til viðskiptaráðherra um vaxtakjör Seðlabankans.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

Er þess ekki að vænta, að vextir af endurseldum víxlum með veði í útflutningsvörum landbúnaðarins verði eftirleiðis 6%, eins og af víxlum með veði í öðrum útflutningsvörum?

IX. Til samgönguráðherra um pósthjónustu.

Frá Steingrími Pálssyni.

Hafa verið gerðar áætlanir um, að pósthjónusta og símamálastjórnin taki upp pósthjónustu, og ef svo er, hvenær getur hún hafizt?